



SIGÖLDUSTÖÐ Í ÁSAHREPPI OG RANGÁRÞINGI YTRA

Deiliskipulagsbreyting - greinargerð

27.05.2024



SAMÞYKKTIR

Deiliskipulagsbreyting þessi, sem kynnt og auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Rangárbings ytra _____

f.h. Rangárbings ytra

Deiliskipulagsbreytingin var samþykkt af sveitarstjórn Ásahrepps _____

f.h. Ásahrepps

Deiliskipulagsbreytingin var auglýst frá _____ með athugasemdafresti til _____

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsbreytingarinnar var birt í B-deild Stjórnartíðinda _____

UPPLÝSINGAR

SKJALALYKILL

108676-01-GRG-001-V03

HÖFUNDUR

Ingibjörg Sveinsdóttir

RÝNT

Brynja Rán Egilsdóttir, Ásgeir Jónsson

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR	4
1.1	Markmið	4
1.2	Skipulagsgögn	4
2	FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR	5
2.1	Tengsl við aðrar áætlanir	5
2.1.1	Aðalskipulag Rangárbings ytra 2016-2028	5
2.1.2	Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032	6
2.1.3	Samræmi deiliskipulagsbreytingar við fyrirbyggjandi áætlanir	6
2.1.4	Minjar	6
2.1.5	Vatnaáætlun 2022-2027	7
3	SKIPULAGSSKILMÁLAR	7
3.1	Byggingarheimildir	7
3.2	Veitur	8
3.2.1	Rafveita og ljósleiðari	8
3.2.2	Fráveita	8
3.2.3	Vatnsból og vatnsverndarsvæði	8
3.2.4	Lýsing	9
3.2.5	Slökkvivatn	9
3.3	Sorp	9
3.4	Efnistökusvæði/haugsvæði	9
3.5	Samgöngur	9
3.6	Frágangur lands að loknum framkvæmdum	10
4	UMHVERFISMATSSKÝRSLA	10
4.1	Matsspurningar og viðmið	10
4.2	Valkostir og umhverfisáhrif	12
4.2.1	Umhverfisáhrif valkosta	12
4.2.2	Niðurstaða	13
5	SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ	13
5.1	Umsagnaraðilar deiliskipulagsbreytingar	13
5.2	Skipulagsferli	14

1 INNGANGUR

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Sigöldustöð er þörf á athafnasvæði, meðan á framkvæmdum stendur. Afmarkað er svæði fyrir vinnubúðir starfsfólks, svæði fyrir sprengiefnageymslu, svæði fyrir steypustöð, skemmur/verkstæði og haugsvæði fyrir mögulega efnislosun. Vinnubúðir, steypustöð, skemmur og haugsvæði eru sunnan við Tungnaá, á svæði sem í aðalskipulagi er skilgreint sem efnistökusvæði E72 og skógræktar- og landgræðslusvæði SL26, skv. aðalskipulagi Rangárþings ytra. Sprengiefnageymsla er skammt frá Krókslóni og aðrennslisskurði Sigöldustöðvar, á óbyggðu svæði skv. aðalskipulagi Ásahrepps.

Markmið með framkvæmdinni er að bæta nýtingu núverandi mannvirkja, samhliða því að auka afkastagetu þeirra. Að framkvæmdum loknum er gert ráð fyrir að framleiðslugeta aukist úr 150 MW í um 215 MW

Á svæðinu sunnan Tungnaár var tekið efni á byggingartíma Sigöldustöðvar, þar er því um raskað svæði að ræða og liggur vegslóði að því af Fjallabaksleið nyrðri. Áætlað er að um 140 starfsmenn verði í vinnubúðunum þegar mest lætur. Vinnubúðir verða annars vegar á vegum verktaka, um 120 starfsmenn og hins vegar á vegum Landsvirkjunar, um 20 starfsmenn. Einnig verður heimilt að vera með steypustöð, verkstæði og lagersvæði. Sprengiefnageymsla er staðsett á röskuðu svæði við Krókslón og verður nýttur steypstur grunnur sem þar er. Gert er ráð fyrir tímabundinni nýtingu svæðisins meðan framkvæmdir við stækkun Sigöldustöðvar standa yfir. Reiknað er með að framkvæmdatíminn verði um 42 mánuðir og að gengið verði frá athafnasvæðinu innan tveggja ára eftir að framkvæmdum líkur.

Breyting á deiliskipulagi nær til Rangárþings ytra og Ásahrepps.

Gerð er breyting á gildandi deiliskipulagi Sigöldustöðvar, sem er dagsett í nóvember 2022. Að öðru leyti en því sem hér kemur fram gilda skilmálar þess skipulags.

Skipulagssvæði í gildandi skipulagi er 108,5 ha en heildarsvæðið stækkar í 188,6 ha í breyttu deiliskipulagi.

1.1 Markmið

- Að afmarka byggingareit og skilgreina byggingarheimildir fyrir vinnubúðir starfsfólks.
- Að afmarka svæði fyrir steypustöð, skemmur, lagersvæði og sprengiefnageymslu.
- Að afmarka mögulegt svæði fyrir efnislosun og skilmála fyrir það.
- Setja skilmála um frágang svæðis að loknum framkvæmdum.

1.2 Skipulagsgögn

Skipulagsupprættir eru unnir á grunni loftmyndar og hæðarlína frá EFLU, kortagrunnum IS50v frá LMÍ, auk grunna sveitarfélagsins. Deiliskipulagsgögn eru unnin í hnitakerfinu ISN93. Skipulagsgögn eru eftirfarandi:

- Breyttur deiliskipulagsupprættur í mkv. 1:2.000.

- Gildandi deiliskipulagsuppráttur, minnkaður í 1:8.000.
- Yfirlitsuppráttur deiliskipulags í mkv: 1:25.000.
- Greinargerð þessi með skipulags- og byggingarskilmálum og umhverfismatskýrslu.

2 FORSENDUR OG STAÐHÆTTIR

Svæðið sem breytingin nær til er í Rangárþingi ytra og Ásahreppi, á athafnasvæði Sigöldustöðvar. Svæðið er raskað síðan unnið var að byggingu Sigöldustöðvar. Vegslóðar liggja að og um svæðið sem breytingin nær til og verða þeir nýttir meðan á framkvæmdum stendur.

Svæðið sem breytingin nær yfir er lítt grónir melar. Skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er að finna vistgerðirnar; eyðimelavist, grasmelavist, hélumosavist, rekjuvist. Allar hafa þær lágt eða miðlungu verndargildi.

2.1 Tengsl við aðrar áætlanir

2.1.1 Aðalskipulag Rangárþings ytra 2016-2028

Í aðalskipulaginu er svæðið skilgreint sem efnistökusvæði E72 og skógræktar og landgræðslusvæði SL26.

TAFLA 1. Stefna aðalskipulags fyrir efnistökusvæðið E72.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	SVÆÐI
E72	Sigalda	Grjótnáma. Mati á umhverfisáhrifum er lokið. Unnir verða allt að 50.000 m ³ . Stærð er um 2 ha.	Afréttur

Í aðalskipulaginu er áhersla á nægt framboð efnistökusvæða og að þau séu í námunda við notkunarstað efnis. Einnig á góða umgengni á nýtingartíma og vandaðan frágang við verklok.

TAFLA 2. Stefna aðalskipulags um skógræktar- og landgræðslusvæði SL26.

NR	HEITI SVÆÐIS	LÝSING	SVÆÐI
SL26	Árskógar	Landgræðslusvæði. Stærð svæðis er um 20.763 ha.	Afréttur

Í aðalskipulaginu eru heimilaðar stakar tímabundnar framkvæmdir án þess að skilgreind sé viðeigandi landnotkun. Slíkar framkvæmdir eru heimilaðar að undangengnu deiliskipulagi eða þeim leyfisveitingum sem framkvæmdum fylgja.

- Umfangsmeiri starfsemi s.s. vinnubúðir, vinnuþlön, aðstaða verktaka eða önnur sambærileg aðstaða fyrir fleiri en 20 manns og /eða umfang meira en 0,1 ha skal deiliskipulagt. Ekki er heimilt að hafa slíka starfsemi lengur en 8 ár.
- Í umsókn um framkvæmdaleyfi eða í deiliskipulagi skal m.a. koma fram tímalengd framkvæmdar, tilgangur og frágangur svæðis við lok framkvæmdar.
- Að framkvæmd lokinni skal framkvæmdasvæði aðlagð að aðliggjandi svæði, innan eins árs, þannig að sem minnst áhrif verði.

2.1.2 Aðalskipulag Ásahrepps 2020-2032

Í aðalskipulagi er svæðið skilgreint sem iðnaðarsvæði I6 og óbyggð svæði ÓB1.

Skilmálar fyrir óbyggð svæði gera ráð fyrir óverulegri mannvirkjagerð og þá einkum í tengslum við megin ferðaleiðir og fjarskiptamöstur.

Í stefnu um iðnaðarsvæði er gert ráð fyrir að virkjanir taki tillit til umhverfisins og að rask á framkvæmdatíma verði eins lítið og mögulegt er. Að framkvæmdum loknum verði landið aðlagð að landi umhverfis og eftir atvikum grætt upp.

TAFLA 3. Stefna aðalskipulags um iðnaðarsvæðið I6.

NR	HEITI	LÝSING OG SKILMÁLAR	STÆRÐ HA
I6	Sigölduvirkjun	Stöðvarhús, tengivirki, aðrennslis- og frárennslisskurðir, Krókslón, stífla og botnrás. Sigöldulón er um 13 km ² . Frá því er vatni veitt um aðrennslisskurð og göng að stöðvarhúsi. Frárennslisli fer um skurð í Hrauneyjalón. Virkjunin er 150 MW og er heimilt að stækka hana í 215 MW. Framkvæmdir felast í endurbótum á núverandi vélum eða nýjum öflugri vélum. Heimilt er að lengja núverandi stöðvarhús um allt að 70 m og breikka frárennslisskurð á um 200 m kafla næst stöðvarhúsi. Gert er ráð fyrir viðhaldi og endurbótum á mannvirkjum og stækkun virkjunarinnar. Heimilt er að endurnýja tengivirki Sigölduvirkjunar og byggja yfir það. Svæðið er tvískipt. Virkjanasvæðið nær einnig til Rangárþings ytra.	5

2.1.3 Samræmi deiliskipulagsbreytingar við fyrirliggjandi áætlanir

Aðalskipulag Rangárþings ytra er heimilar að reisa vinnubúðir og aðstöðu verktaka meðan á framkvæmdum stendur, án þess að skilgreina viðeigandi landnotkun í aðalskipulagi. Deiliskipulagsbreytingin er í samræmi við þessa skilmála. Sveitarfélagið metur það jákvætt að vinnubúðir og haugsvæði verði á svæði sem er raskað fyrir.

Aðalskipulag Ásahrepps heimilar framkvæmdir sem tengjast stækkun Sigöldustöðvar. Deiliskipulagsbreytingin er metin í samræmi við gildandi aðalskipulag, þrátt fyrir að sprengiefnageymsla sé áætluð á óbyggðu svæði. Svæðið sem um ræðir er raskað og núverandi vegslóðar verða nýttir sem aðkoma og mannvirki sett niður á steiptan grunn sem er til staðar frá fyrri framkvæmdum við Sigöldustöð.

2.1.4 Minjar

Deiliskráning minja fór fram í tengslum við gerð Sigöldustöðvar en nær ekki yfir umrætt svæði. Ekki er gert ráð fyrir að þar sé að finna minjar því svæðinu hefur verið raskað með efnistöku.

Finnist áður ókunnar minjar ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar svo fljótt sem auðið er skv. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Óheimilt er að hrófla við minjum án heimildar Minjastofnunar.

2.1.5 Vatnaáætlun 2022-2027

Í nágrenni skipulagssvæðis er að finna eftirfarandi vatnshlot:

- Tungnaá 3 (vatnshlotanr. 103-973-R), flokkað sem straumvatn.
- Tungnaárhraun (vatnshlotanr. 103-308-G), flokkað sem grunnvatn.
- Kerlingarfjöll-Hreppar (vatnshlotanr. 103-287-G), flokkað sem grunnvatn.
- Krókslón (vatnshlotanr. 103-213-G), flokkað sem grunnvatn.
- Krókslón (vatnshlotanr. 103-2447-L), flokkað sem stöðuvatn.

Ekki er að vænta breytinga á vatnsborðshæð og vatnsborðssveiflum í farvegi Tungnaár umfram það sem nú er. Ekki er gert ráð fyrir að vatnshlot breytist eða að breytingar verði á vatnsgæðum, vatnsmagni, efna- eða eðliseiginleikum vatns og fyrirhugaðar framkvæmdir því innan þeirra marka sem Vatnaáætlun 2022-2027 gerir ráð fyrir.

3 SKIPULAGSSKILMÁLAR

Gerð er breyting á greinargerð og skipulagsupprætti.

Á upprætti er bætt við fjórum byggingareitum, fyrir vinnubúðir steypistöð/skemmur og sprengiefnageymslu. Afmarkað er svæði þar sem heimilt er að haugsetja efni. Sett er inn vatnsból og vatnsverndarsvæði ásamt vatnstanki. Í greinargerð eru settir skilmálar fyrir mannvirki, hreinsivirki, vatnsból og efnistöðusvæði.

3.1 Byggingarheimildir

Vinnubúðir eru tímabundin hífýli starfsfólks sem kemur að stækkun Sigöldustöðvar. Vinnubúðir og önnur mannvirki standa meðan á framkvæmdum stendur en verða fjarlægð að þeim loknum. Innan byggingareita er heimilt að færa til efni og jafna svæði undir mannvirki. Byggingareitir eru rúmt afmarkaðir til að hægt sé að koma mannvirkjum sem haganlegast fyrir. Leitast skal við að mannvirki séu sem mest á afmörkuðu svæði og sem næst aðkomuvegi, til að lágmarka rask á landi. Einnig skal umgengni á framkvæmdatíma vera snyrtileg. Að framkvæmdum loknum verða öll mannvirki fjarlægð og ummerki um þau afmáð.

Byggingareitur B1. Heimilt er að reisa vinnubúðir fyrir starfsfólk Landsvirkjunar. Vinnubúðir eru; eldhús/mötuneyti, matsalur, setustofa, skrifstofur, snyrtingar og vistarverur starfsfólks. Heimilt er að byggja eina eða fleiri byggingar. Byggingar geta verið á einni eða tveimur hæðum. Hámarks byggingarmagn er 2000 m². Stærð byggingareits er 1,9 ha.

Byggingareitur B2. Heimilt er að reisa vinnubúðir fyrir starfsfólk verktaka. Vinnubúðir eru; eldhús-/mötuneyti, matsalur, setustofa, skrifstofur, snyrtingar og vistarverur starfsfólks. Heimilt er að byggja eina eða fleiri byggingar. Byggingar geta verið á einni eða tveimur hæðum. Hámarks byggingarmagn er 4000 m². Stærð byggingareits er 5,0 ha.

Byggingareitur B3. Heimilt er að vera með steypustöð, skemmur/verkstæði og lagersvæði. Mænishæð bygginga getur verið allt að 12 m, heimilt er að hafa stöku mannvirki hærrí s.s. síló, færíbönd o.fl. Hámarks byggingarmagn er 6000 m². Affallsvatn frá steypustöð verður leitt í setþró með olúgildru. Ganga skal frá mannvirkjum og plönum þannig að ekki verði um mengun að ræða. Stærð byggingareits er 3,8 ha.

Byggingareitur B4. Heimilt er að vera með allt að 200 m² geymslu fyrir sprengiefni. Gerð og frágangur verður í samræmi við reglugerð um sprengiefni nr. 684/1999 og byggingareglugerð nr. 112/2012. Stærð byggingareits er 0,2 ha.

3.2 Veitur

Þeir þættir sem snúa að heilbrigðismálum, hollustuháttum og mengunarvörnum skulu unnir í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands.

3.2.1 Rafveita og ljósleiðari

Heimilt er að leggja rafstreng og ljósleiðara frá Sigöldustöð að vinnubúðum. Lagnir skulu fylgja vegum eftir því sem hægt er. Heimilt er að vera með dreifskáp fyrir ljósleiðara og rafmagn og staðsetja þá þar sem best hentar.

3.2.2 Fráveita

Mannvirki skulu eftir því sem hægt er hafa sameiginlegt hreinsivirki og skal frágangur og gerð þess vera unninn í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Tryggja skal aðkomu að hreinsivirki til tæmingar. Leiðbeinandi staðsetning hreinsivirkis er sýnd á uppdrætti. Við nákvæma staðsetningu og útfærslu fráveitu skal hafa í huga að hún valdi ekki breytingu á efna- eða eðliseiginleikum vatnshlota.

Verði talin hætta á mengun frá starfsemi s.s. vegna birgðageymslu, vinnutækja eða annað skulu varnir útfærðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit og útfært í starfsleyfi.

Gerð og staðsetning hreinsivirkis skal vera í samræmi við lög um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um fráveitu gildir reglugerð um fráveitur og skólþ nr. 798/1999, með síðari breytingum. Hreinsivirki og fráveita skal fjarlægð að framkvæmdum loknum.

3.2.3 Vatnsból og vatnsverndarsvæði

Líkleg staðsetning vatnsbóls er sýnd á skipulagsuppdrætti og afmarkað vatnsverndarsvæði umhverfis það. Reiknað er með að bora þurfi eftir neysluvatni og dæla vatni í tank til að fá sjálfrennsli úr honum. Tankur getur rúmað allt að 25.000 lítra af vatni og nýtist vatnið jafnt sem neysluvatn, sem slökkivatn og til notkunar í steypustöð. Ef þess er talin þörf er heimilt að byggja allt að 5 m² dæluhús við vatnsból. Mannvirki skulu fjarlægð að framkvæmdum loknum.

Nákvæm staðsetning vatnsbóls og útfærsla á öflun neysluvatns skal unnin í samráði við Heilbrigðis-
eftirlit Suðurlands. Við allar framkvæmdir við vatnsból og vatnsveitu skal forðast rask á landi. Öflun
neysluvatns og frágangur vatnsveitu skal vera í samræmi við reglugerð um neysluvatn nr. 536/2001 og
reglugerð um varnir gegn mengun vatns nr. 796/1999 m.s.br.

Ákvæði fyrir vatnsból, grannsvæði og fjarsvæði þess eru skv. 13. gr. laga um varnir gegn mengun vatns
nr. 796/1999.

3.2.4 Lýsing

Heimilt er að vera með útilýsingu við vinnubúðir og á framkvæmdasvæði. Hafa skal í huga að lýsing sé
hófleg og þjóni tilgangi sínum. Eftir atvikum skal ljósi beint niður.

3.2.5 Slökkvivatn

Svæðið er innan starfssvæðis Brunavarna Rangárvallasýslu og skulu brunavarnir taka mið af bruna-
varnaráætlun og lögum um brunavarnir nr. 75/2000. Tryggja skal slökkvivatn og aðgengi að því, s.s.
með safntanki, borholu og/eða öruggu aðgengi slökkvibíla að yfirborðsvatni. Magn slökkvivatns, s.s.
stærð tanks, skal miðast við brunaálag bygginga. Heimilt er að gera þær ráðstafanir sem talin er þörf á
til að tryggja slökkvivatn, s.s. með því að auðvelda aðgengi að yfirborðsvatni.

3.3 Sorp

Sorp skal flokkað og flutt til byggða. Skipulag sorpmála fer eftir reglum sveitarfélags hverju sinni en
sameiginleg sorphirða og vinnureglur eru fyrir sveitarfélögin.

3.4 Efnistökusvæði/haugsvæði

Gert er ráð fyrir að efni sem kemur úr uppgreftri nýttist til framkvæmda. Ef þörf verður fyrir umfram
efni verður það sótt í þær námur sem eru í næsta nágrenni og eru sýndar á aðalskipulagi.

Skv. aðalskipulagi má vinna 50.000 m³ af efni úr námu E72, á 2 ha svæði. Við fyrri framkvæmdir var efni
haugsett í námunni og verður það mögulega nýtt við framkvæmdir nú. Heimilt er að haugsetja efni í
námu E72 og er afmarkað um 2 ha svæði fyrir það á uppdrætti. Heildar uppgroftur er áætlaður um
120.000 m³. Hluti af efninu verður notaður aftur í fyllingar og er áætlað að einungis lítill hluti efnisins
verði haugsettur. Forðast skal að raska þeim litla gróðri sem er til staðar.

Við frágang svæðisins alls skal haugsett efni eftir atvikum nýtt til að landið fái sem náttúrulegast
yfirbragð og falli að landi umhverfis.

3.5 Samgöngur

Aðkoma að svæðinu er af Fjallabaksleið nyrðri nr. 208 og um núverandi vegslóða af henni. Á vegkafl-
anum milli vinnubúða og framkvæmdasvæðis er vegurinn frekar mjór og fara þarf yfir tvær einbreiðar

brýr. Umferð um veginn kemur til með að aukast mikið á framkvæmdatíma. Umferð ferðamanna um Fjallabaksleið nyrðri er mest yfir sumarmánuðina, eða frá því að vegurinn opnar í júní og þar snjórlakar honum í sept./okt. Umferð um veginn er þó allt árið, m.a. nokkur jeppaumferð er yfir vetrarmánuðina. Til að draga úr akstri vegna framkvæmda um Fjallabaksleið nyrðri er gert ráð fyrir að á framkvæmdatíma verði akstur stórra bíla um vað á Tungnaá skammt ofan við Sigöldufoss, vaðið verður einkum notað yfir sumartímenn þegar umferð um Fjallabaksleið er mest. Að framkvæmdum loknum skulu ummerki um akstur um vaðið fjarlægð. Um er að ræða sama vað og notað var við viðhald á frárennisskurði Sigöldustöðvar fyrir um 10 árum.

Eftir atvikum skal merkja svæðið sem vinnusvæði og taka niður umferðarhraða. Heimilt er að útbúa mætingarsvæði beggja vegna brúnna og á milli þeirra, sé þess talin þörf. Einnig er heimilt að gera göngustíg frá vinnubúðum að framkvæmdasvæði og draga þannig úr þörf á akstri starfsfólks til og frá vinnusvæði. Til að þvera Tungnaá er heimilt að setja upp færarlega göngubrú í nágrenni við vað á ánni, ofan við Sigöldufoss. Ávallt skal hafa öryggi starfsfólks og ferðamanna í huga.

Allar öryggisaðgerðir á og við Fjallabaksleið nyrðri skulu unnar og útfærðar í samráði við Vegagerðina.

3.6 Frágangur lands að loknum framkvæmdum

Að framkvæmdum loknum skal fjarlægja öll mannvirki af svæðinu og ummerki um þau, innan tveggja ára eftir að framkvæmdum líkur. Jafna skal land og aðlaga að landi umhverfis þannig að það fái sem náttúrulegast útlit. Fyrirhugað er að fá ráðgjöf landslagsarkitekts við mótun og frágang lands að framkvæmdum loknum.

4 UMHVERFISMATSSKÝRSLA

Meta skal líkleg umhverfisáhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum og starfsemi á aðliggjandi svæði og einstaka þætti áætlunarinnar sjálfar svo sem á vistkerfi, auðlindir, landslag, ásýnd, útsýni, varðveislugildi og svipmót byggðar og einstakra bygginga o.fl. umhverfisþætti eftir því sem efni skipulagsins gefur tilefni til.

4.1 Matsspurningar og viðmið

Stefna deiliskipulagsbreytingar og líkleg áhrif hennar eru metin út frá umhverfisviðmiðum í töflu 4.

TAFLA 4. Umhverfisþættir, matsspurningar og viðmið.

UMHVERFISÞÁTTUR	UMHVERFISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
Land og landslag <i>Landslag.</i> <i>Ósnortið/náttúrulegt yfirbragð.</i> <i>Jarðmyndanir.</i> <i>Jarðvegur – jarðvegsrof.</i> <i>Víðerni.</i> <i>Ásýnd og sjónræn áhrif.</i>	Aðalskipulag <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að viðhalda lítt snortnu yfirbragði hálandisins, sérstaklega á þeim svæðum sem hafa mikið náttúrufarsgildi. Mannvirki skulu falla sem best að náttúrulegu umhverfi á hverjum stað. Forðast skal óþarfa lýsingu og ljósi beint niður eða það skermað af. 	Hefur stefnan áhrif á landslag og ósnortið/náttúrulegt yfirbragð svæðisins? Hefur stefnan áhrif á jarðmyndanir? Skerðir stefnan víðerni? Hefur stefnan áhrif á ásýnd svæðis?

UMHVÆRISÞÁTTUR	UMHVÆRISVIÐMIÐ	MATSSPURNINGAR
	<ul style="list-style-type: none"> Stuðlað verði að góðri umgengni um hálendið, álag verði undir þolmörkum svæða og reynt að viðhalda sem stærstum óbyggðum víðernum. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla er á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. Mannvirki og umferð hafi lágmarksáhrif á víðerni og óbyggðaupplifun. 	
Vatn	<p>Vatnaáætlun 2022-2027</p> <ul style="list-style-type: none"> Vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa þar sem þess er þörf til að vatn njóti heildstæðrar verndar. Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. 	Hefur stefnan áhrif á vatnsgæði og áhrif vatnavistkerfa?
Gróður og dýr <i>Gróðurlendi og vistkerfi Búsvæði dýra.</i>	<p>Aðalskipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> Raskist gróið land vegna framkvæmda skal að lágmarki ígildi þess gróðurs sem tapast grætt upp. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Áhersla á verndun víðerna, landslagsheilda, mikilvægra vistgerða, gróðurlenda og menningarminja. 	Hefur stefnan áhrif á gróður og vistkerfi? Hefur stefnan áhrif á búsvæði dýra?
Heilbrigði <i>Mengun og hávaði.</i>	<p>Aðalskipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> Stefnt er að bættu öryggi á hálendissvæðum sveitarfélagsins. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að heilnæmu og öruggu umhverfi. 	Er hætta á mengun eða hávaða vegna stefnu skipulagsins? Hefur stefnan áhrif á umferðaröryggi?
Samfélag <i>Orkuvinnsla.</i>	<p>Landsskipulagsstefna 2015-2026 og viðauki við hana.</p> <ul style="list-style-type: none"> Orkulindir verði nýttar með sjálfbærni og umhverfisvernd að leiðarljósi, sérstaklega m.t.t. verndunar víðerna. 	Stuðlar stefnan að meiri raforkuframléiðslu? Stuðlar stefnan að betri nýtingu á núverandi virkjana- og veitumannvirkjum? Hefur stefnan áhrif á atvinnutækifæri?
Náttúru- og menningarminjar <i>Friðlýst svæði eða svæði á náttúruminjasrá. Fornminjar.</i>	<p>Aðalskipulag</p> <ul style="list-style-type: none"> Leitast verði við að varðveita sögu-, náttúru- og menningarminjar. <p>Landsskipulagsstefna 2015-2026.</p> <ul style="list-style-type: none"> Skipulag stuðli að verndun og varðveislu sérstæðrar náttúru, menningar, menningarminja og sögu. 	Hefur stefnan áhrif á verndarsvæði? Hefur stefnan áhrif á fornminjar?

4.2 Valkostir og umhverfisáhrif

Í umhverfismati ber að fjalla um þá valkosti sem til greina koma og meta líkleg umhverfisáhrif þeirra. Bornir eru saman þeir valkosti sem fjallað er um hér á eftir og lagt mat á líkleg áhrif hvers þeirra.

Fyrirhuguð uppbygging er í samræmi við stefnu í aðalskipulagi.

Valkostir

Stefna í deiliskipulagsbreytingu: Heimilt er að reisa vinnubúðir, steypustöð, skemmu og sprengiefna-geymslu vegna stækkunar Sigöldustöðvar, og vera með vatnsból og veitur eins og þarf. Hluti af efnis-tökusvæði verður nýttur sem haugsvæði til efnislosunar, ef þess þarf. Svæðið er raskað frá byggingartíma og framkvæmdum við Sigöldustöð. Að framkvæmdum loknum verður svæðið aðlagð að landi umhverfis og gengið frá því á sem náttúrulegastan hátt.

Núll- kostur, eða núverandi staða: Svæði verða nýtt skv. ákvæðum í aðalskipulagi og gildandi deiliskipulagi. Svæðið er raskað frá byggingartíma og framkvæmdum við Sigöldustöð.

4.2.1 Umhverfisáhrif valkosta

Stefna í deiliskipulagsbreytingu

Áhrif á land og landslag eru óveruleg/neikvæð. Svæðið sem um ræðir er raskað vegna efnistöku, haugsetningar efnis, vegslóða o.fl. við fyrri framkvæmdir við Sigöldustöð. Vegna nálægðar við Sigöldustöð telst svæðið ekki vera víðerni. Mannvirki verða tímabundin og hafa neikvæð áhrif á framkvæmdatíma en að honum loknum verður gengið frá svæðinu og það aðlagð að umhverfinu. Settir eru skilmálar um lýsingu.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Settir eru skilmálar um að heilbrigðismál, s.s. hollustuhættir og mengun- varnir skuli unnin í samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlands. Er það gert til að tryggja að ekki verði um mengun að ræða.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Svæðið er nánast ógróið og þar er ekki að finna vistgerðir með hátt verndargildi, auk þess sem svæðinu hefur verið raskað. Þó svæðið sé í aðalskipulagi að hluta til skilgreint sem skógræktar- eða landgræðslusvæði þá hefur landgræðsla ekki farið fram né hefur trjám verið plantað.

Áhrif á heilbrigði eru óviss. Sé gengið frá vatnsbóli og fráveitu á fullnægjandi hátt á ekki að vera hætta á mengun. Umferð um Fjallabaksleið nyrðri eykst verulega á framkvæmdatíma. Settir eru skilmálar um að í samráði við Vegagerðina verði leitað leiða til að bæta umferðaröryggi á framkvæmdatíma.

Áhrif á samfélag eru jákvæð. Framkvæmdir skapa atvinnu og stækkun Sigöldustöðvar stuðlar að betri nýtingu þeirra virkjana og veitumannvirkja sem eru til staðar.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Svæðið er raskað og ekki líklegt að þar sé að finna náttúru- eða menningarminjar.

Núll-kostur, eða núverandi staða

Áhrif á land og landslag eru neikvæð. Svæðið verður áfram raskað og með ummerkjum um fyrri framkvæmdir.

Áhrif á vatn eru óveruleg. Skv. aðalskipulagi er heimiluð efnistaka, landgræðsla- og skógrækt.

Áhrif á gróður og dýr eru óveruleg. Land getur mögulega gróið upp að einhverju marki eða trjám verið plantað í skógræktar- og landgræðslusvæðið. Ólíklegt er að dýralíf verði mikið þar sem svæðið er í nágrenni við Fjallabaksleið nyrðri og er talsverð umferð um veginn.

Áhrif á samfélag eru engin.

Áhrif á náttúru- og menningarminjar eru óveruleg. Svæðið er raskað og ekki líklegt að þar sé að finna náttúru- eða menningarminjar.

4.2.2 Niðurstaða

Stefna deiliskipulagsbreytingar fellur vel að markmiðum aðalskipulags, umrædd svæði eru nú þegar skilgreind til framkvæmda, sem iðnaðarsvæði eða skógræktar og efnisvinnslu. Heimilt er að vera með vinnubúðir og önnur tímabundin mannvirki vegna framkvæmda við stækkun Sigöldustöðvar. Mannvirki verða á svæði sem hefur verið raskað og nýttir verða þeir vegslóðar sem fyrir eru á svæðinu. Sett eru ákvæði til að koma í veg fyrir mengun frá starfseminni og um frágang svæðisins að framkvæmdum loknum. Sveitarfélagið metur staðsetningu mannvirkja heppilega því svæðið sem um ræðir er raskað af fyrri framkvæmdum. Þá eru mannvirki lítt sýnileg, nema meðan ekið er fram hjá framkvæmdasvæði um Fjallabaksleið nyrðri.

Í samráði við Vegagerðina þarf að skoða hvernig hægt er að tryggja umferðaröryggi á Fjallabaksleið nyrðri meðan framkvæmdir eru í gangi. Sveitarfélögin meta áhrif af deiliskipulagsbreytingunni óveruleg/jákvæð.

5 SKIPULAGSFERLI, KYNNING OG SAMRÁÐ

Deiliskipulagsbreytingin er unnin og kynnt skv. 1. mrg. 43. gr. skipulagslaga.

Deiliskipulagsbreytingin er unnin í samráði verkkaupa, Rangárþings ytra og Ásahrepps. Samráð var við Forsætisráðuneytið þar sem svæðið er innan þjóðlendu.

5.1 Umsagnaraðilar deiliskipulagsbreytingar

Óskað verður eftir umsögnum um deiliskipulagstillöguna frá eftirtöldum aðilum:

- Forsætisráðuneytið
- Umhverfisstofnun
- Heilbrigðiseftirlit Suðurlands

- Minjastofnun Íslands
- Vegagerðin
- Landsnet

5.2 Skipulagsferli

Deiliskipulagsbreyting auglýst í sumar.



Deiliskipulag tekur gildi í lok árs.